

1970 nr. 35 9. maí**Lög um Kristnisjóð o.fl.¹⁾**¹⁾ *Lagaheiti breytt með l. 62/1990, 49. gr.*

Tóku gildi 1. júlí 1970. *Breytt með* l. 4/1984 (tóku gildi 22. mars 1984), l. 25/1985 (tóku gildi 14. júní 1985), l. 62/1990 (tóku gildi 1. júlí 1990), l. 137/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 78/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Um skipun prestakalla og prófatsdæma.**■ 1.–4. gr. . . .¹⁾**¹⁾ *L. 62/1990, 49. gr.***■ 5. gr.**

□ Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerð-argjaldi. [Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.]¹⁾

¹⁾ *L. 137/1993, 10. gr.***■ 6.–10. gr. . . .¹⁾**¹⁾ *L. 62/1990, 49. gr.***■ 11.–13. gr. . . .¹⁾**¹⁾ *L. 25/1985, 38. gr.***■ 14.–17. gr. . . .¹⁾**¹⁾ *L. 62/1990, 49. gr.***II. kafli. Um kristnisjóð.****■ 18. gr.**

□ Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

■ 19. gr.

□ Stofnfé sjóðsins er:

a. Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

b. . . .¹⁾

c. Prestakallasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

¹⁾ *L. 78/1997, 64. gr.***■ 20. gr.**

□ Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

a. Arður af stofnfé kristnisjóðs.

b. . . .¹⁾c. . . .¹⁾

d. Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.

e. Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

¹⁾ *L. 78/1997, 64. gr.***■ 21. gr.**

□ Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.

2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.

3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.

4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.

5. Að kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölul.

6. Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.

7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félag og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

■ 22. gr.

□ Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

■ 23. gr.

□ Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af [ráðuneytinu].¹⁾ Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

¹⁾ *L. 126/2011, 49. gr.*